

## Fundargerð 324. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

**Verkefni: 324. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn í Háskólanum í Reykjavík  
4.apríl 2023**

- Aðalfundur
  - Fundarstjóri
  - Ritari
  - Stjórnarskiptafundur - Monkees
- Rýni á [www.stjornvisi.is](http://www.stjornvisi.is) frá Ráði - athugasemdir
- Fyrirmyndarfyrirtæki
- Learncove
- Sjálfbærnisráðgjafi ársins 2022 – haldin í byrjun júní.
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Önnur mál

<b>Dags.fundar:</b> 4.apríl 2023	<b>Tími:</b> 11:00-12:00	<b>Nr. fundar:</b> 324
<b>Fundarboðari:</b> SH	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Háskólinn í Reykjavík

**Viðstaddir:** Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Sigríður Harðardóttir, Baldur Vignir Karlsson, Lilja Gunnarsdóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín

**Fjarverandi:** Auður Daníelsdóttir, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Falasteen Abu Libdeh

**Gestir:**

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

#### 1. Aðalfundur Stjórnvísí 10.maí 2023

- Fundarstjóri - hver verður fundarstjóri og hver ritari á aðalfundi á Nauthól
  - Haraldur Bjarnason í stjórn Stjórnvísí tekur að sér að vera fundarstjóri aðalfundar.
- Ritari
  - Lilja Gunnarsdóttir í stjórn Stjórnvísí tekur að sér að rita aðalfundinn.
- Stjórnarskiptafundur verður haldinn þann 10.maí á Monkees. Mikilvægt er að hvetja alla fráfarandi, núverandi og verðandi formenn til að mæta á fundinn ásamt fagraði félagsins. Ákveðið var að panta ekki vín fyrirfram. Matseðillinn er glæsilegur og fundurinn er haldinn á milli Eurovision kvölda.

**Stökkir plantain bananar** bornir fram með guacamole - **Perúísk skelfiskssúpa** (tígrisrækjur - hörpuskel, aji amarillo pipar)  
**Laxa tiradito** (Laxa sashimi, sesamponzu, eldpirar macha, sesamfræ, graslaukur), **Stökkar kjúklinga gyozur** ( djúpsteiktar gyozur með kjúklingi, gerjað hvítkáls og eplasalat, eldpirar, eldpirarmajó, sesamponzu), **Miso nautalund 100g** (nautalund, perúísk kartöflukaka, sveppa mole, chili macha, sterkryddaður kjúklingasoðgljái) EÐA: **Porskur í sætri miso** (Léttsaltaður þorskhnakki í miso og mirin marineringu, sítrónugrasfroða, kryddjurtaolía, svört sítróna, **Súkkulaði og saltkaramellu brownie** (Miso heslihnetur, saltkaramella, stökk súkkulaðikaka, hvítsúkkulaði- og heslihnetuís).

2. **Rýni á [www.stjornvisi.is](http://www.stjornvisi.is)** Stjórnvísí fékk starfsfólk hjá Ráði til að yfirfara heimasíðuna með tilliti til þess að orðalag höfðaði til allra. Athugasemdir voru lesnar upp fyrir stjórn og voru helstu tillögur þessar: Lykilstarfsmaður breytist í lykilaðili, félagsmenn breytist í félagar eða félagsfólk, starfsmenn verður starfsfólk, menn verða einstaklingur, stjórnarmeðlimir breytist í stjórnarfólk, ábyrgðamaður breytist í ber ábyrgð á, allir breytist í öll, hver og einn breytist í hvert og eitt o.s.frv.
3. **Fyrirmyndarfyrirtæki.** . Búið er að senda 15 fyrirtækjum reikninga vegna þátttöku í verkefninu. Verkefnið er í fullum gangi undir styrkri leiðsögn Jóns Gunnars Borgþórssonar formanni faghóps um góða stjórnarhætti og fyrrverandi stjórnarmanni. Afhending viðurkenninga fer fram í ágúst nk. á Nauthól.
4. **Learncove.** – Baldur Karl fór yfir stöðuna á Learncove og sýndi inn í hugbúnaðinn. Reikningar eru byrjaðir að berast frá Learncove.
5. **Sjálfbærnisráðgjafi ársins 2022.** Reglulega var fundað með Festu og Viðskiptaráði vegna Sjálfbærnisráðgjafar ársins 2022 sem verður afhent í júní 2023 á Nauthól. Stjórnvísí er búið að auglýsa viðburðinn, panta sal og ljósmyndara og heldur utan um skráningu.
6. **Fréttir af faghópum.** NPS- skor það liggja mikil tækifæri í að auka þátttöku í NPS skori eftir fundi. Fundir í mars voru fimmtán. Búið er að hvetja faghópastjórnir til að halda aðalfundi og endurnýja sig fyrir komandi starfsár. Haldinn var fundur í gær fyrir stjórnir faghópanna varðandi hvernig halda á aðalfund.
7. **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Fjárhagsstaða Stjórnvísí er mjög góð og er verið að vinna að því að leggja lokadrög á innheimtu félagsgjalda sem send voru út í janúar. Stefnt er að því að öll félagsgjöld séu greidd fyrir aðalfund félagsins þann 10.maí nk. Stefnt er að því að ná inn tekjum upp á 33,5millj. í félagsgjöldum á árinu.
8. Hverjir ætla að bjóða sig fram aftur sem nú eru í stjórn:
  - a. Auður verður áfram kosin til 2ja ára
  - b. Lilja verður áfram kosin til 2ja ára
  - c. Laufey býður sig fram áfram til lárs
  - d. Stefán býður sig fram til formanns
  - e. Baldur Vignir býður sig fram til eins árs
  - f. Haraldur Bjarnason býður sig áfram til eins árs

9. **Önnur mál.** Á síðasta fundi óskaði Haraldur eftir að fá senda ársreikninga annarra félaga svipaðra og Stjórnvísi til að geta borið saman – erfitt reyndist að fá aðgengi að reikningum annarra félaga.

1. **Staða verkefna** (áhvorsluverkefna og annarra verkefna).
2. **Lagabreytingar** – athuga með hvort þurfi að breyta m.t.t. kyns o.fl.
3. **Áhersluverkefni:** Jafnrétti/Sjálfbærni/ Vantar stefnur – umhverfi /jafnrétti /siðareglur/

## Áhersluverkefni stjórnar 2022-2023

Valin voru þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau? – hverjir eru mælikvarðar?

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísi [www.stjornvisei.is](http://www.stjornvisei.is)

ooo= mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna

### 1. **Ásýnd og vöxtur:** Ábyrgðaraðilar eru **Stefán Hrafn, Haraldur og Ósk Heiða.**

- Fjölgun fyrirtækja oo
- Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
- Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
- Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
- Fjölgun virkra félaga oo
- Fjölgun nýrra virkra félaga oo
- Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- Fjölgun nýrra háskólanema oo
- Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- Stjórn efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- Stjórnvísi sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- Stjórnvísi þróist í takt við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna, atvinnulífsins og samfélagsins ooo
- Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika sé styðjandi og virkur ooo

### 2. **Stuðningur við stjórnir faghópa:** Ábyrgðaraðilar eru: **Lilja, Auður og Falasteen.**

- Fjölgun viðburða oo
- Fjölgun félaga á fundum oo
- Aukning á virkni faghópa oo
- Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- Hækkun á NPS skori oo
- Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo

- Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
- Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.
- Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
- Myndbönd
- Stafræn fræðsla

### 3. **3. Útrás/Gróska:** Ábyrgðaraðilar: Baldur, Laufey, Sigríður

- Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- Fjölgun erlendra fyrirlesara